



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. Þ 128/612
komudagur 10.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9.12.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, 413. mál.

Í ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands árið 2002 um velferðarmál segir m.a.:

„Afkomuvanda eldri borgara, sem hafa lítinn eða takmarkaðan rétt í lífeyrissjóðum, verði mætt með hækkun á tekjutengdum bótum og hækkun frítekjumarka vegna tekna úr lífeyrissjóðum, en ekki hækkun grunnlífeyris.

- Lífeyrissjóðakerfið er í vaxandi mæli að taka við afkomutryggingu eldri borgara, en almenna lífeyrissjóðakerfið verður ekki að fullu komið til framkvæmda fyrr en 2015-20.
- Afkomuvandi eldri borgara er því tímabundið vandamál samfélagsins og nær til þeirra sem ekki hafa náð að byggja upp full réttindi í lífeyrissjóðunum eða hafa ekki verið á vinnumarkaði.....

Réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubrýrði þeirra er önnur og meiri en t.d. eldri borgara.

- Bætur þeirra samanstandi af grunnlífeyri, tekjutengdum þáttum og heimilisuppbót.
- Lægstu bætur einstaklinga svona samsettar skulu vera 110.000 kr./mán. auk barnalífeyris.
- Við útfærslu á hækkun samsettra bóta öryrkja verði skerðingarmörk heimilistekna endurskoðuð.“

Með vísan í framangreinda tilvitnun lýsir Alþýðusamband Íslands sig sammála efni frumvarpsins að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar- auka vegna annarra tekna úr 67% í 45% og mælir með því að það verði samþykkt.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason,
deildarstjóri hagdeildar

Kostnaðarmat á reglugerð um hækkun bóta almanantrygginga.

Áætlað er að kostnaður við reglugerðina verði eftirfarandi:

	2003	2004	Samtals
Tekjutrygging og afleiddar bætur	1.020	770	1.790 m.kr.
Tekjutryggingaauki	330	320	650 m.kr.
Alls, reglugerð	1.350	1.090	2.440 m.kr.
Lagabreyting, tekjutr. auki	250		250 m.kr.
Samtals	1.600	1.090	2.690 m.kr.

Heildarkostnaður við reglugerðina er því 2.440 m.kr. þar af er kostnaður árið 2003 um 1.350 m.kr. og 1.090 árið 2004. Með lagabreytingu lækka skerðingarmörk tekjutryggingarauka úr 67% í 45% af tekjum og er áætlað að það kosti ríkissjóð um 250 m.kr. Alls verður því kostnaður ríkissjóðs 2.690 m.kr., þar af eru 1.600 m.kr. árið 2003 og 1.090 m.kr. árið 2004.



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. P 128/583

komudagur 9.12.2002

Tilkynning til dvalarheimila.

Reykjavík, 21. nóvember 2002

Efni: Breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999

Tryggingastofnun ríkisins vill vekja athygli á því að um næstu áramót koma til framkvæmda breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Í meginatriðum eru breytingarnar tvenns konar. Annars vegar er um að ræða nýjan bótaflokk sem kemur í stað dvalarheimilisuppbótar og nefnist hann vistunarframlag. Hins vegar verður tekið upp nýtt fyrirkomulag bótagreiðslna sem felst í áætlun tekna og uppgjöri bóta til vistmanna.

Vistunarframlag

Vistunarframlag er ætlað að mæta að hluta dvalarkostnaði á stofnun og greiðist beint til viðkomandi dvalarheimilis. Það fyrirkomulag að vistnaður sé rétt hafi greiðslna og veiti dvalarheimili umboð til að taka við þeim er því aflagt. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða, útreikningur vistunarframlags fer fram með sama hætti og dvalarheimilisuppbótar nú.

Endurreikningur og uppgjör

Vistunarframlag ársins 2003 verður reiknað til bráðabirgða út frá upplýsingum um tekjur af síðasta skattframtali vistmanns eða tekjufirlýsingu, hafi hún verið gerð. Hið nýja fyrirkomulag felur það í sér að í ágúst 2004 fer fram uppgjör á greiðslum ársins 2003. Í því uppgjöri verður greiðsluréttur ársins reiknaður út miðað við raunverulegar tekjur eins og þær koma fram á skattframtali 2004. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið of- eða vangreitt verður það gert upp við viðkomandi stofnun.

Greiðsluþegum, þar með töldum vistmönnum á dvalarheimilum, hafa verið kynntar þessar breytingar jafnframt því sem óskað hefur verið eftir því að þeir tilkynni Tryggingastofnun um verulegar tekjubreytingar. Sýnishorn þessara kynningarbréfa eru hjálögð.

Vakin er athygli á því að kveðið er á um ofangreindar breytingar í lögum nr. 74/2002 og eru forstöðumenn dvalarheimila hvattir til að kynna sér efni þeirra. Einnig má leita upplýsinga á heimasíðu okkar, www.tr.is.

Með kveðju,
starfsfólk lífeynistryggingasviðs
Tryggingastofnunar ríkisins

Alþingi
Erindi nr. P 128/616
komudagur 10.12.2002

10. desember 2002

Samantekt Tryggingastofnunar ríkisins á áhrifum tekna á bótaflokkna unnin að beiðni heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis

Í framhaldi af fundi heilbrigðis- og trygginganefndar með fulltrúum TR óskaði nefndin eftir gögnum sem sýndu áhrif tekna á fjárhæð bóta. TR hefur tekið saman nokkur dæmi til skýringar.

TR vill taka fram að áhrif tekjutenginga á bætur almannatrygginga er ekki nýmæli og lýsa meðfylgjandi dæmi uppbyggingu bótakerfisins almennt en snúa ekki sérstaklega að þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru um næstu áramót. Stofnuninni þykir hins vegar ástæða til þess að vekja almennt athygli nefndarmanna á uppbyggingu og flækjustigi kerfisins hvað þetta varðar.

Helstu niðurstöður

Í meðfylgjandi skjali "Dæmi um tekjuskerðingarhlutfall" eru tilbúin dæmi sem sýna áhrif tekna á bætur annars vegar ellilífeyrisþega og hins vegar örorkulífeyrisþega sem eru með tekjur á bilinu 39.000 – 40.000 kr. á mánuði. Helstu niðurstöður í því skjali koma fram í eftirfarandi töflum:

Heildartekjur ellilífeyrisþeganna JJ og KK verða því eins og hér segir:

Tafla 2

	JJ	KK	Mismunur
Lífeyrissjóðstekjur	39.000	40.000	1.000
Ellilífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	37.934	37.484	-450
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	114.974	115.074	100

Ofangreint sýnir því að á tekjubilinu 39.000 – 40.000 kr. veldur 1000 kr hækkun í lífeyristekjum 900 kr. bótalækkun (450+450). Nettóáhrif 1000 kr. tekjuaukningar eru því 100 kr. hækkun á tekjum (1000-450-450). Í þessu er ekki tekið tillit til áhrifa skatta.

JJ og KK eru örorkulífeyrisþegar og með lífeyrissjóðstekjur.

Tafla 3

	JJ	KK	Mismunur
Lífeyrissjóðstekjur	39.000	40.000	1.000
Örorkulífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	39.480	39.030	-450
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	116.520	116.620	100

Viðbótartekjur úr lífeyrissjóði um. 1000 kr. leiða til 900 kr. skerðingu á bótum á þessu tekjubili (450+450). Nettóáhrif eru 100 kr. viðbótartekjur(1000-450-450). Ekki er tekið tillit til áhrifa skatta í þessu sambandi.

JJ og KK eru örorkulífeyrisþegar og með launatekjur

Tafla 4

	JJ	KK	Mismunur
Launatekjur	39.000	40.000	1.000
Örorkulífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	39.493	39.493	0
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	116.533	117.083	550

Viðbótarlaunatekjur um kr. 1000 leiða til 450 kr. lækkunar á bótum á þessu tekjubili. Nettóáhrif eru 550 kr. viðbótartekjur (1000-450). Ekki er tekið tillit til áhrifa skatta í þessu sambandi.

Önnur gögn

Einnig er meðfylgjandi yfirlit sem sýnir mismunandi skerðingarhlutföll bóta m.v. mismunandi tekjubil og tekjutegundir. Yfirlitið sýnir þannig flokka bótaþega, tegundir tekna og þau skerðingarhlutföll sem eru virk á viðkomandi tekjubili. Merkingin "X" sýnir hvaða bótaflokkur það er sem veldur skerðingu. T.d. má lesa það út úr yfirlitinu fyrir ellilífeyrisþega að á tekjubilinu 37.743 – 40.000 kr. verður um að ræða lækkun á bótum sem nemur 90% af viðbótartekjum og það er tekjutrygging og tekjutryggingarauki sem eru að valda skerðingunni (sem er í samræmi við niðurstöður úr töflu 2).

Virðingarfyllst

f.h. Tryggingastofnunar ríkisins

Ágúst Þór Sigurðsson

Ragnar M. Gunnarsson

Sigurður M. Grétarsson

Tekjur eru annaðhvort launatekjur eða lífeyrissjóðstekjur og ekki um neinar aðrar tekjur að ræða.

Ellilífeyrisþegar með lífeyrissjóðstekjur					
Lífeyrissjóðstekjur frá	0	37.743	40.001	117.618	123.299
Lífeyrissjóðstekjur til	37.742	40.000	117.617	123.298	186.383
Skerðingarhlutfall bótaflokka	45,00%	90,00%	65,36%	65,36%	0,00%
Bótaflokkar í skerðingu					
Ellilífeyrir					
Tekjutrygging		X	X	X	
Tekjutryggingarauki	X	X			
Heimilisuppbót			X	X	

Ellilífeyrisþegar með launatekjur					
Launatekjur frá	0	37.743	40.001	117.618	123.299
Launatekjur til	37.742	40.000	117.617	123.298	186.383
Skerðingarhlutfall bótaflokka	45,00%	90,00%	65,36%	95,36%	30,00%
Bótaflokkar í skerðingu					
Ellilífeyrir				X	X
Tekjutrygging		X	X	X	
Tekjutryggingarauki	X	X			
Heimilisuppbót			X	X	

Örorkulífeyrisþegar með lífeyrissjóðstekjur					
Lífeyrissjóðstekjur frá	0	38.972	40.001	119.855	126.734
Lífeyrissjóðstekjur til	38.971	40.000	119.854	126.733	202.374
Skerðingarhlutfall bótaflokka	45,00%	90,00%	64,55%	64,55%	0,00%
Bótaflokkar í skerðingu					
Örorkulífeyrir					
Tekjutrygging		X	X	X	
Tekjutryggingarauki	X	X			
Heimilisuppbót			X		

Örorkulífeyrisþegar með launatekjur					
Launatekjur frá	0	40.001	64.953	119.855	199.758
Launatekjur til	40.000	64.952	119.854	199.757	202.374
Skerðingarhlutfall bótaflokka	45,00%	0,00%	38,73%	63,73%	25,00%
Bótaflokkar í skerðingu					
Örorkulífeyrir				X	X
Tekjutrygging			X	X	
Tekjutryggingarauki	X				
Heimilisuppbót			X	X	

Dæmi um tekjuskerðingarhlutfall

Dæmi um tekjuskerðingarhlutfall eftir 1. janúar 2003 að óbreyttum reglum. Dæmin varða bæði ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega.

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar:

- Um er að ræða einstaklinga sem eru með heimilisuppbót
- Ellilífeyrisþegi er með tekjur á bilinu 37.742 og 40.000 kr. á mánuði.
- Örorkulífeyrisþegi er með tekjur á en á bilinu 38.971 og 40.000 kr. á mánuði.

Tekjutryggingarauki einhleypings verður 18.000 kr. á mánuði í janúar 2003 og skerðist hann um 45% af tekjum frá fyrstu krónu.

Tekjutrygging einhleyps ellilífeyrisþega verður 38.500 kr. á mánuði í janúar 2003 og skerðist hún um 45% af tekjum umfram 37.742 kr. á mánuði.

Áhrif á ellilífeyrisþega

Til að skýra það hvernig samanlagt skerðingarhlutfall þessara beggja bótaflokka virkar á umræddu tekjubili þá er hér tekið tilbúið dæmi af tveimur einhleypum lífeyrisþegum.

Þeir eru JJ sem er með 39.000 kr. tekjur á mánuði og KK sem er með 40.000 kr. í tekjur á mánuði. Hvað ellilífeyrisþega varðar þá skiptir ekki máli hvort þessar tekur eru launatekjur eða lífeyristekjur.

Báðir fá þeir JJ og KK með óskertan ellilífeyri eða 20.630 kr. á mánuði, enda tekjur þeirra langt undir frítekjumörkum hans.

Þeir eru einnig báðir með óskerta heimilisuppbót eða 16.960 kr. á mánuði enda frítekjumörk 40.000 kr. á mánuði.

Aðrar bótagreiðslur JJ eru eins og eins og hér segir:

Tekjutryggingarauki:

Tekjuskerðing = $39.000 \times 0,45 = 17.550$ kr. á mánuði.

Bótagreiðsla = $18.000 - 17.550 = 450$ kr. á mánuði.

Tekjutrygging:

Tekjuskerðing = $(39.000 - 37.742) \times 0,45 = 566$ kr. á mánuði.

Bótagreiðsla = $38.500 - 566 = 37.934$ kr. á mánuði.

Aðrar bótagreiðslur KK eru eins og eins og hér segir:

Tekjutryggingarauki:

Tekjuskerðing = $40.000 \times 0,45 = 18.000$ kr. á mánuði.

Bótagreiðsla = $18.000 - 18.000 = 0$ kr. á mánuði.

Tekjutrygging:

Tekjuskerðing = $(40.000 - 37.742) \times 0,45 = 1.016$ kr. á mánuði.

Bótageiðsla = 38.500 – 1.016 = 37.484 kr. á mánuði.

Samanburður á mánaðarlegum bótagreiðslum JJ og KK er því eins og hér segir.

Tafla 1

	JJ	KK	Mismunur
Ellilífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	37.934	37.484	-450
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	75.974	75.074	-900

Eins og sést á þessum samanburði munar 900 kr. á mánuði á samanlögðum bótagreiðslum JJ og KK og stafar sá mismunur einungis af 1.000 kr. mismun tekna á mánuði.

Heildartekjur þeirra verða því eins og hér segir:

Tafla 2

	JJ	KK	Mismunur
Lífeyrissjóðstekjur	39.000	40.000	1.000
Ellilífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	37.934	37.484	-450
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	114.974	115.074	100

Ofangreint sýnir því að á tekjubílinu 39.000 – 40.000 veldur 1000 kr hækkun í tekjum 900 kr. bótalækkun. Nettóáhrif 1000 kr. tekjuaukningar eru því kr. 100 hækkun á tekjum. Í þessu er ekki tekið tillit til áhrifa skatta.

Áhrif á örorkulífeyrisþega

Gefum okkur að JJ og KK séu örorkulífeyrisþegar Hjá örorkulífeyrisþegum skiptir máli hvort tekjur eru launatekjur eða lífeyrissjóðstekjur vegna mismunandi vægis þeirra við bótaútreikning. Verða því dæmin rakin m.v. mismunandi forsendur.

JJ og KK eru örorkulífeyrisþegar og með lífeyrissjóðstekjur.

Tafla 3

	JJ	KK	Mismunur
Lífeyrissjóðstekjur	39.000	40.000	1.000
Örorkulífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	39.480	39.030	-450
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	116.520	116.620	100

Viðbótartekjur úr lífeyrissjóði um kr. 1000 leiða til 900 kr. skerðingu á bótum á þessu tekjubíli. Nettóáhrif eru 100 kr. viðbótartekjur. Ekki er tekið tillit til áhrifa skatta í þessu sambandi.

Dæmið lítur öðruvísi út ef örorkulífeyrisþegar eru með launatekjur vegna þess að launatekjur örorkulífeyrisþega hafa aðeins 60% vægi gagnvar tekjutryggingu og heimilisuppbót en með 100% vægi gagnvart tekjutryggingarauka. Viðmiðunartekjur

þeirra gagnvart tekjutryggingu og heimilisuppbót eru því aðeins 23.400 kr. hjá JJ og 24.000 hjá KK. Svona lítur það dæmi út.

JJ og KK eru örorkulífeyrisþegar og með launatekjur

Tafla 4

	JJ	KK	Mismunur
Launatekjur	39.000	40.000	1.000
Örorkulífeyrir	20.630	20.630	0
Tekjutryggingarauki	450	0	-450
Tekjutrygging	39.493	39.493	0
Heimilisuppbót	16.960	16.960	0
Samtals	116.533	117.083	550

Viðbótarlaunatekjur um kr. 1000 leiða til 450 kr. lækkunar á bótum á þessu tekjubili. Nettóáhrif eru 550 kr. viðbótartekjur (1000-450). Ekki er tekið tillit til áhrifa skatta í þessu sambandi.